

# ÁRS SKÝRSLA

2021



HEILSUGÆSLA  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



# EFNISYFIRLIT

3. Ávarp forstjóra
4. Breytt framkvæmdastjórn
5. Hlutverk HH
6. Bólusetningar eru samfélagsverkefni
7. COVID-19 bólusetningar
8. Bólusetningar í tölum
9. Boðun í bólusetningar
10. Tímalína COVID-19 bólusetninga árið 2021
11. COVID-19 sýnatökur
12. Flutningar
13. Samhæfingarstöð krabbameinsskimana
14. Skimun fyrir krabbameini í leghálsi
15. Vinnufatnaður
16. Aukið öryggi í lyfjagjöf
17. Næringarmeðferð - þróunarverkefni
18. Kvennaheilsa
19. Starfsdagur stjórnenda
20. Heilsuvera – mínar síður
21. Heilsuvera - netspjall
22. Geðheilbrigðisþjónusta
23. Geðheilbrigðisþjónusta - umfang þjónustu

24. Jafnlaunavottun 2020-2023
25. Starfsemi og starfsánægja
26. Mannauður 2021 ársverk eftir starfsstöðvum
27. Mannauður 2021 ársverk eftir starfsstöðvum – frh.
28. Mannauður 2021 ársverk eftir stéttarfélögum
29. Mannauður 2021 ársverk eftir kyni og aldri
30. Rekstur 2021 - rekstraryfirlit
31. Rekstur 2021 - kostnaður eftir viðfangsefnum
32. Rekstur 2021 - kostnaður eftir viðfangsefnum – frh
33. Efnahagsreikningur 31. des 2021
34. Heildarsamskipti eftir stöðvum
35. Fjöldi samskipta eftir þjónustuflokkum
36. Fjöldi samskipta eftir fagstéttum
37. Sérþjónusta
38. Samskipti á heilsugæslum 2014-2021
39. Heilsuvernd skólabarna
40. Þroska- og hegðunarstöð
41. Vefir - heilsugaeaslan.is og heilsuvera.is



## ÁVARP FORSTJÓRA

Þegar ég horfi til baka yfir starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) árið 2021 er þakklæti til starfsfólks mér efst í huga.

Stundum eru verkefnin þannig að það er ekkert að gera annað en að setja hausinn undir sig og halda áfram. Þannig leið okkur eflaust mörgum á árinu 2021 þegar við hjá HH höldum áfram að takast á við heimsfaraldurinn, samhliða því sem við unnum að öllum hinum verkefnum. Þau bíða auðvitað ekki þó faraldur geisi.

Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með okkar öfluga starfsfólki takast á við verkefnin, finna lausnir og láta hlutina ganga. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru 26 starfseiningar og ákveðið afrek að starfsfólkið hafi getað haldið starfseminni gangandi eins og vel smurðri vél þrátt fyrir álag.

Hlutverk okkar allra hjá heilsugæslunni er að sinna íbúum á okkar svæði og markmiðið er alltaf að veita framúrskarandi

þjónustu. Til þess að svo megi vera þurfum við alltaf að líta til þess hvernig við erum að veita þjónustuna og hvernig við getum bætt hana og sniðið enn betur að þörfum þeirra sem nota hana.

Meðal þess sem við höfum verið að gera er að nýta tæknina og þróa starfsemina til að fólk geti aflað sér upplýsinga sjálft, bókað tíma og átt í samskiptum í gegnum net og síma til að fá úrlausn sinna mála. Upplýsingamiðstöðin okkar verður þar í lykilhlutverki og augljóst að þar eru gríðarleg sóknarfæri í þjónustu við almenning.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er frábær vinnustaður en við vitum auðvitað að álagið var mjög mikið á árinu 2021. Það er skýrt markmið stjórnenda hjá stofnuninni að hlúa að okkar frábæra starfsfólki, styrkja það og efla enda er gott starfsfólk lykillinn að því að veita góða þjónustu.

Óskar Reykdalsson forstjóri





# BREYTT FRAMKVÆMDASTJÓRN



Framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu var ráðinn í apríl og hóf störf 1. ágúst. Þessi nýja staða er komin til vegna aukinnar geðheilbrigðisþjónustu hjá stofnuninni.

Nú eru í framkvæmdastjórn, frá vinstri á myndinni:

- Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar
- Svava Kristín Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri sviðs mannauðs og nýliðunar
- Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu
- Óskar Reykdalsson, forstjóri
- Jónas Guðmundsson, framkvæmdastjóri sviðs fjármála og rekstrar
- Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga





# HLUTVERK HH

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) er að vera fyrsti viðkomustaður þeirra sem þurfa á almennri heilbrigðisþjónustu að halda og veita samfellda þjónustu fyrir skjólstæðinga okkar. Innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fer fram virk þróunarstarfsemi, t.d. með kennslu og er það jafnframt hlutverk stofnunarinnar að stuðla að framþróun í vísindum, t.d. með því að nýta tækninýjungar og efla vísindastarf.

Áherslur í stefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru:

- **Þjónusta** – að veita aðgengilega, samfellda og heilðræna þjónustu. Að tryggja rétta þjónustu á réttum stað og á réttum tíma.
- **Gæði og öryggi** – að nota þjónustukannanir, atvikaskráningar, innri gæðaúttektir og virka endurgjöf til að tryggja virka nýtingu gæðaviðmiða
- **Mannauður** – að tryggja ánægju starfsfólks og gera HH að eftirsóknarverðum vinnustað með því að stuðla að heilbrigðri vinnustaðamenningu
- **Samstaða** – að hafa samvinnu á milli starfseininga og í samfélagi.

Gildi HH sem eru grundvöllur að allri þjónustu eru: virðing, samvinna og fagmennska.





# BÓLUSETNINGAR ERU SAMFÉLAGSVERKEFNI



Bólusetningar gegn COVID-19 voru mest áberandi verkefni ársins en Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins stýrði bólusetningum á höfuðborgarsvæðinu í góðri samvinnu við fjölmarga opinbera aðila og samfélagið allt.

Langflestir íbúar höfuðborgarsvæðisins sýndu þolinmæði meðan á þessa flókna verkefni stóð og stemning var oftast prýðileg.

Fjölmiðlar gegndu lykilhlutverki í að koma

upplýsingum á framfæri fljótt og vel. Listamenn gáfu vinnu sína við að skemmta fólki í bólusetningu og fjölmargir studdu verkefnið með ráðum og dáð.

Í maí heimsótti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Suðurlandsbraut 34 og Laugardalshöll. Hann kynnti sér starfsemina og hitti starfsfólk og stjórnendur. Hann endaði heimsóknina með því að fá bólusetningu og vakti þar með athygli á mikilvægi þess að láta bólusetja sig.





# COVID-19 BÓLUSETNINGAR

Árið byrjaði rólega. Fyrstir í röðinni voru íbúar hjúkrunarheimila og svo var farið niður aldursröðina. Einstaklingar í áhættuhópum, heilbrigðisstarfsmenn og viðbragðsaðilar voru einnig framarlega í röðinni. Fyrst var bólusett á Suðurlandsbraut 34 en 2. mars hófust bólusetningar í Laugardalshöll, fyrst í anddyrinu en svo í aðalsalnum í lok apríl. Eftir 14. júlí var gert sumarhlé í Laugardalshöll þó bólusetningar héldu áfram á Suðurlandsbraut þar sem þær voru alltaf jafnhliða höllinni.

Fyrsta áfanga var ekki fyrr lokið en örvunarbólusetningar hófust. Fyrst hjá þeim sem fengu Janssen en svo hjá öllum öðrum þegar ákveðinn tími var liðinn frá skammti nr. 2. Í ágúst hófust líka almennar bólusetningar barna 12 til 15 ára í Laugardalshöll. Árið endaði svo á undirbúningi fyrir bólusetningar 5 ára til 11 ára barna.

Hvert smáatriði í fyrirkomulagi bólusetninganna, bæði í höllinni og á Suðurlandsbraut var úthugað og tímamælt. Í svona stórri framkvæmd skiptir hver sekúnda máli.

Framkvæmdin vakti athygli út fyrir í landsteinana.

Að öðrum ólöstuðum voru það hjúkrunarfræðingar sem báru hitann og þungann af bólusetningunum og skipulagi þeirra.

Hjúkrunarfræðingar frá heilsugæslustöðvum voru fremstir í flokki og fagstjórar hjúkrunar sáu um mönnun frá sinni stöð.

Að auki voru hjúkrunarfræðingar á tímavinnusamning við HH – þegar mest var voru um 180 sem skráðu sig á reglulega á vaktir. Þetta voru hjúkrunarfræðingar sem eru hættir á vinnumarkaði og hjúkrunarnemar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður frá öðrum starfstöðvum HH, hjúkrunarfræðingar frá einkareknum heilsugæslum, ýmsum deildum Landspítala, frá Reykjavíkurborg og fleiri opinberum aðilum. Einnig hjúkrunarfræðingar sem starfa ekki við hjúkrun en komu og lögðu sitt af mörkum.





# BÓLUSETNINGAR Í TÖLUM

Samtals fengu 191.524 einstaklingar alls 455.039 skammta af COVID-19 bóluefni árið 2021\*.

Á stærstu dögum fengu að jafnaði tíu til ellefu þúsund manns bólusetningu. Þrír dagar skáru sig sérstaklega út:

- 6. maí 2021 voru 20.047 boðaðir og 12.821 bólusettir
- 8. júní 2021 voru 16.621 boðaðir og 11.235 bólusettir
- 30. júní 2021 voru 12.900 boðaðir og 12.697 bólusettir

Hjúkrunarfræðingar sáu að stærstum hluta um að blanda og draga upp bóluefnið og bólusetningarnar sjálfar.

- Að jafnaði byrjuðu um 20-30 hjúkrunarfræðingar klukkan 7 á morgnana við að blanda og draga upp bóluefni.
- Um 22-26 hjúkrunarfræðingar sáu um bólusetningar á venjulegum dögum.
- Stærstu dagana voru um 70 hjúkrunarfræðingar að störfum.
  - Um 40 byrjuðu við að draga upp að morgni og 20-30 héldu áfram að blanda yfir daginn.

- Um 30-35 hjúkrunarfræðingar bólusettu.

Að auki voru oft sex starfsmenn á skanna og tveir á upplýsingaborði í Laugardalshöllinni.

Að jafnaði voru sex lögreglumenn við störf, en allt upp í 10-12 þegar mest var. Oft voru um sjö sjúkraflutningamenn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins á staðnum en allt upp í 15-16 á stærstu dögnum.

\*Í þessari tölu eru einnig einstaklingar sem fengu bólusetningu erlendis.





# BOÐUN Í BÓLUSETNINGAR

## Forgangsröðun og boðun

Það flækti verkefnið að 4 mismunandi bóluefni voru notuð. Mislangu tími átti að líða milli fyrri og seinni skammts og af einu efninu þurfti bara einn skammt. Þau hentuðu misvel með tilliti til aldurs og kyns og nýjar upplýsingar komu fram um það eftir að bólusetningar voru hafnar.

Mikið álag var hjá heilsugæslunni við að svara fólki sem vildi komast fram í röðina vegna heilsufars eða aðstæðna eða hafnaði bóluefninu sem því bauðst.

Rafrænar lausnir voru þróaðar í tengslum við verkefnið, bæði til að boða í og skrá bólusetningarnar

á einfaldan hátt. Boðun tókst að mestu leyti vel en það gat þó verið erfitt að áætla hvað boða ætti marga hvern dag.

## Útdrátturinn

Þann 4. júní var staða þannig að nær öllum sem voru fædd 1975 eða fyrr hafði verið boðin bólusetning. Þá komu fyrirmæli um röð þeirra sem eftir voru yrði ákveðin með handahófskenndari hætti.


Byrjað var á að draga út einn og einn árgang en óskir komu um meiri fyrirvara og því var ákveðið að draga alla árganga sem eftir voru út í einu.

Mikill áhugi fjölmiðla var á útdráttinum og með mjög stuttum fyrirvara var bein útsending frá skrifstofu HH í Álfabakka 16. Til að gera ferlið eins einfalt og myndrænt og hægt var fyrir fjölbreyttan hóp, var ákveðið að draga árgangsmiða úr fötu og voru bleikir miðar fyrir konur og bláir fyrir karla.

Þetta fyrirkomulag þótti gamaldags. Ýmsir bentu á að það væru rafrænar leiðir til að draga. Bleikir og bláir miðar voru tákn um kynjahyggju og umgjörðin þótti minna á leikskólaföndur. Einfaldleiki aðferðarinnar þýddi samt að engar grunsemdir vöknudum um niðurstöðum hefði verið hagrætt.









# COVID-19 SÝNATÖKUR


Hér má sjá heildarfjölda sýna vegna COVID-19 sem voru tekin á höfuðborgarsvæðinu og á flugvellið í Keflavík.

PCR-próf voru boðið frá upphafi en frá og með júní 2021 var líka boðið upp á hraðpróf.

Stærsti hraðprófsdagurinn var 17. desember en þá komu tæplega 7.500 manns í hraðpróf. Þegar mest lét voru tekin um 220 hraðpróf á hverju korteri. Það var aðallega á föstudögum og laugardögum í desember.

Haustið 2021 var lengi vel opið í tólf tíma í hraðprófunum á Suðurlandsbraut 34, frá kl. 8 til 20, til að anna öllum smitgátar-hraðprófunum og viðburðar-hraðprófunum.

Þegar mest var að gera á Suðurlandsbraut 34, seinni part desember 2021 voru 200 sýnatökustarismenn á ská og oft voru um 50 manns á vakt hvern dag.





# FLUTNINGAR

Heilsugæslan Mosfellsumdæmi flutti úr Þverholti í Sunnukrika 29. mars.




Starfsfólk stöðvarinnar kom að hönnun nýja húsnæðisins í vinnustofu þar sem gerðar voru nokkrar útgáfur af heilsugæslu framtíðarinnar. Ein mesta nýjungin er hjarta stöðvarinnar, vinnuaðstaða og 4 móttökuherbergi, sem bætir aðstöðu til að sinna opinni móttöku og hefur stuðlað að aukinni teymisvinnu starfsfólks.

Heimahjúkrun HH í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi flutti úr Hlíðarsmára í Miðhraun 29. nóvember.

Húsnæði er sérhannað undir þessa starfsemi. Hugsunin með hönnuninni er að öllu starfsfólki líði vel í vinnunni. Vinnusvæðið er opið og hefur góða hljóðvist og í því eru fundarherbergi af ólíkum toga. Í bjartri og rúmgóðri kaffistofu er hægt er að setjast niður án þess að trufla aðra vinnu. Um 110 starfsmenn hafa vinnuaðstöðu í húsnæðinu

Formleg opunarhóf bíða ársins 2022 vegna aðstæðna en á myndum má sjá starfsmenn stöðvanna í flutningum.

Að auki flutti Geðheilsuteymi fjölskylduvernd úr Síðumúla í Bæjarlind í mars.





# SAMHÆFINGARSTÖÐ KRABBAMEINSSKIMANA

Þann 1. janúar 2021 tók gildi breytt skipulag á skimun fyrir krabbameinum samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis og áliti Skimunarráðs. Skipulagið er í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar, vísindalega þekkingu og gagnreynda læknisfræði.

Meðal fleiri framfaraskrefa í þessu verkefni var að sett var á fót Samhæfingarstöð krabbameinsskimana, sem meðal annars hefur það verkefni að bjóða fólki í reglubundna skimun og veita upplýsingar um niðurstöður skimana. Samhæfingarstöðin heyrir undir

Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en starfar á landsvísu.

Landspítala var falin framkvæmd skimana fyrir krabbameini í brjóstum í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri. Heilsugæslunni var falin framkvæmd skimunar fyrir krabbameini í leghálsi og nú fer hún fram á öllum 19 heilsugæslustöðvunum á höfuðborgarsvæðinu eins og hún hefur gert á landsbyggðinni undanfarin ár.

Vonast er til að þetta bættu aðgengi skili sér í betri þátttöku en með breytingunum var skimun fyrir

krabbameinum gerð umtalsvert ódýrari fyrir einstaklinga en áður.

Frá því að skimun fyrir leghálskrabbameini færðist frá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins í ársbyrjun 2021 voru leghálssýni greind á rannsóknastofu í Danmörku. Um mitt ár var tekin ákvörðun um að Landspítali tæki við rannsóknum leghálssýna.


Á árinu hófst undirbúningur að skimun fyrir ristilkrabbameini sem verður einnig á vegum Samhæfingarmiðstöðvarinnar.





# SKIMUN FYRIR KRABBAMEINI Í LEGHÁLSI

Af ýmsum ástæðum myndaðist hali við yfirfærsluna og konur urðu að bíða lengur eftir niðurstöðum en áður. Þetta var allt komið í rétt horf í september.





## VINNUFATNAÐUR

Á ársfundi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) 2020 var kynnt uppfærð útgáfa af merki HH.

Fljótlega var gerður merktur fatnaður, dökkblár bolur og buxur. Í árslok 2021 bættust svo við merktar flíspeysur. Aldrei áður hefur verið samræmdur vinnufatnaður hjá HH.

Það hefur verið misjafnt í gegnum árin hvort starfsmenn á heilsugæslustöðvum hafi notað sérstakan vinnufatnað, en þá voru það oftast hvítir sloppar.

Þegar COVID-19 faraldurinn hófst óskuðu starfsmenn ákveðið eftir vinnufatnaði til að þurfa ekki að vera í eigin fatnaði á vinnustað þar sem passa þurfti upp á smitvarnir.

Starfsfólk í bólusetningum og sýnatökum notar fatnaðinn mest en einnig fólk á heilsugæslustöðvum.

Almenn ánægja er meðal starfsmanna með vinnufatnaðinn sem hefur gjörbreytt ásýnd HH.





# AUKIÐ ÖRYGGI Í LYFJAGJÖF

## Klínískir lyfjafræðingar á fimm heilsugæslum

Á árinu gerðu HH og lyfjapjónusta Landspítala með sér þjónustusamning um nýjung í klínískri lyfjafræðipjónustu á heilsugæslustöðvum. Þrír klínískir lyfjafræðingar í lyfjapjónustu Landspítala munu veita skjólstæðingum HH klíníska lyfjaráðgjöf á fimm heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefni lyfjafræðinganna verður einkum að fara yfir lyfjalista hjá skjólstæðingum á mörgum lyfjum með það markmið að draga úr lyfjatengdum vandamálum, sem eru oft orsök sjúkrahúsinnlagnar, valda heilsutjóni og stundum miklum kostnaði fyrir samfélagið.

Klínísku lyfjafræðingarnir munu jafnframt veita ráðgjöf til einstaklinga og heilbrigðisstarfsmanna og taka þátt í ýmsum gæðaverkefnum innan heilsugæslunnar.

## Rafrænir lyfjaskammtarar í heimahjúkrun

Á árinu sneru HH og Öryggismiðstöðin bókum saman um innleiðingu á rafrænum lyfjaskömmtum í þjónustu heimahjúkrunar. Verkefninu er ætlað að stuðla að bættri þjónustu og líðan einstaklinga á sama tíma og heimahjúkrun fær aukið tækifæri og svigrúm til að miða þjónustu að þeim notendum sem þurfa mest á henni að halda á hverjum tíma.

Verkefnið felur í sér að nýjasta tækni í lyfjaskömmtum er innleidd í Heimahjúkrun HH. Lyfjaskammtararnir virka með þeim hætti að lyfjarúllur eru settar í þá á einfaldan hátt og hver og einn lyfjapoki er skannaður í tækinu fyrir lyfjagjöf. Með því fær lyfjaskammtarinn upplýsingar um tímasetningu lyfjatöku, hvaða lyf eru í hverjum poka og tryggir að réttur einstaklingur fái rétt lyf, á réttum tíma. Lyfjaskammtarinn er tengdur við stafræna heilsugátt sem gerir starfsfólki heimahjúkrunar viðvart um frávík. Þannig er hægt að bregðast strax við frávikum og sníða þjónustu

að raunverulegum þörfum á hverjum tíma. Það eykur öryggistilfinningu einstaklinga að vita að gætt er að þeirra lyfjagjöf ásamt því að stuðla að betri meðferðarhaldni.

Þetta er dæmi um hagnýtingu tæknilausna til að veita sístækkandi hópi eldra fólks betri þjónustu.





# NÆRINGARMEÐFERÐ - ÞRÓUNARVERKEFNI

Næringarmeðferð felur í sér ítarlegt einstaklingsbundið næringarmat ásamt meðferð og endurmati. Þetta er 2. stigs heilbrigðisþjónusta sem veitt er í þverfaglegri samvinnu með skjólstæðingum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH).

Á vormánuðum 2021 var ákvörðun tekin af framkvæmdastjórn að bjóða þjónustu næringarfræðings innan HH. Í apríl var næringarfræðingur ráðinn í 20% stöðugildi til að sinna þróunarverkefninu til eins árs með aðsetur á Heilsugæslunni Mjódd.

Upphaf þessa verkefnis má rekja til ársins 2017 þegar næringarfræðingur var ráðinn á Heilsugæslurnar Fjörð og

Mjódd í 10% stöðugildi á hvorri stöð. Auk þess var næringarfræðingur ráðinn til Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu í febrúar 2020 í 50% stöðugildi til að styðja við allt starfsfólk heilsugæslunnar á landsvísu og vinna að stefnumótun í málum tengdum næringu og næringarmeðferð.

Verkefnið var kynnt á fundi með fagstjórum í maí, móttaka beiðna um næringarmeðferðir hófst í beinu framhaldi og fyrstu viðtöl. Þjónustan hefur verið vel nýtt, ástæður meðferða fjölbreyttar og aldursbilið breitt.

Samtals voru 98 beiðnir um næringarmeðferð móttæknar á tímabilinu, þar af var 18 beiðnum ýmist vísað annað eða

hætt við meðferð. Flestir sem hefja meðferð eru í eftirfylgd ýmist í formi viðtala, símtala og/eða rafrænna samskipta. Í lok árs höfðu 32 einstaklingar verið útskrifaðir en 48 enn í meðferð.

Framundan eru frekari kynningar á stöðvum HH og samstarf um þróun þjónustunnar, aðlögun verkferla og mat á árangri.

Framtíðarsýnin er að næringarmeðferð standi öllum skjólstæðum HH til boða sem hafa þörf fyrir og vilja þiggja slíka þjónustu, að næringarfræðingar hafi skýrt hlutverk og leggi sitt að mörkum í þverfaglegri samvinnu innan HH.





## KVENNAHEILSA

Í júní barst erindi frá heilbrigðisráðherra þar sem áhersla var lögð á mikilvægi heildstæðrar nálgunar á heilsu kvenna.

Þar kom m.a. fram:

- „Vísbendingar eru um að þörfum kvenna fyrir heilbrigðisþjónustu og upplýsingar er lúta að kvennaheilsu sé ekki mætt á nægjanlegan máta innan heilbrigðiskerfisins..“
- „Einnig þarf að vera aðgengi að réttum og gagnreyndum upplýsingum fyrir heilbrigðisstarfsfólk, konur og allan almenning“

Sem tilraunaverkefni var HH falið að opna sérstaka móttöku fyrir konur, þar sem meðal annars sé horft til að veita heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf um ofbeldi og afleiðingar þess, breytingaskeið kvenna, getnaðarvarnir og sjúkdóma sem herja sérstaklega á konur.

Í nóvember hófu starfsmenn að leggja línur og móta þjónustuna sem mun hefjast á árinu 2022 þegar heppilegt húsnæði hefur fundist.

Markhópar í fyrsta áfanga eru:

- Konur á breytingaskeiði
- Konur á frjósemisskeiði – getnaðarvarnir og kynheilbrigði
- Konur með erfiða fæðingarreynslu

Markhópar í öðrum áfanga eru þessir en fleiri markhópar eru til skoðunar:

- Fjölpættur þyngdartengdur heilsuvandi – PCOS, frjósemissvandi, lipoedema og viðbótarmeðferð tengd meðgöngusykursýki
- Konur á frjósemisskeiði - ráðgjöf um frjósemi og ófrjósemi

- Konur sem upplifa eftirstöðvar áfalla vegna erfiðrar fæðingareynslu og kynbundins ofbeldis

Áætlað er að bjóða ráðgjafaviðtöl fyrir konur í þessum markhópum.

Ætlunin er að vera með uppsetningu lykkju og mögulega leghálssýnatöku.

Fræðsla til kvenna um þessa málaflokka verður efld á Heilsuveru auk þess sem gert er ráð fyrir því að bjóða upp á námskeið.

Einnig verður í boði ráðgjöf og stuðningur við heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir konum í þessum markhópum.

Líklegt er að heilbrigðisstarfsfólk vísi til kvennaheilsu móttökunnar en vinnulag er enn í mótun.





# STARFSDAGUR STJÓRNENDA

Þann 15. október komu saman á starfsdegi um 60 stjórnendur frá öllum starfsstöðvum HH.

Meginverkefni dagsins var hópavinna. Meginþemu voru fjögur: þjónusta, mannauður, gæði og samstaða. Hóparnir skoðuðu m.a. aðgengi að ákveðnum þjónustupáttum, þjónustu við ákveðna hópa, teymisvinnu og þjónustumiðaða menningu.

Fólk var sammála um að dagurinn hefði verið gagnlegur, hvetjandi og gott veganesti fyrir vetrarstarfið. Markvissar umræður voru í hópunum en jafnframt líflegar og stundum mjög róttækar. Niðurstöður hópanna verða notaðar í stefnumótun HH.

Að auki voru tveir utanaðkomandi aðilar með erindi og forstjóri lagði línurnar fyrir daginn í upphafi dagskrárinnar og dró saman í lok dags.








# HEILSUVERA – MÍNAR SÍÐUR


Samskiptamynstur skjólstæðinga HH við sína heilsugæslu hefur breyst síðastliðin ár.

Stór hluti samskipta á sér nú stað í gegnum Mínar síður á Heilsuveru. Eins og sést á þessum myndum hefur aukningin verið mikil undanfarin ár. Árið 2021 var metár í rafrænum samskiptum.





## HEILSUVERA - NETSPJALL



## NETSPJALLIÐ 2021

- Um 144 þúsund spjöll
- Um 8 þúsund erindi þar fyrir utan
- 94% ánægja með þjónustuna
- 80 manns komu að því að svara netspjöllum á árinu
- Á árinu flutti netspjallið í nýtt húsnæði, Álfabakka 14, þar sem Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar opnar árið 2022.





# GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) býður upp á sálfræðiþjónustu á öllum heilsugæslustöðvum.

Sálfræðingar á heilsugæslustöðvum sinna meðferð barna og fullorðinna og þrátt fyrir aðstæður var umfang þjónustunnar svipað og áður. Þó voru HAM-meðferðarnámskeið heldur færri 2021 en 2020 vegna aðstæðna og fjöldatakmarkana.

Einnig býður HH upp á 2. línu geðheilbrigðisþjónustu hjá geðheilsuteymum og hjá Þroska- og hegðunarstöð.

Geðheilsuteymum HH hefur fjölgað hratt á síðustu árum. Árið 2021 voru stofnuð tvö ný teymi, sem munu byrja að taka á móti skjólstæðingum fyrri part 2022. Þau eru Geðheilsuteymi ADHD fullorðinna og Heilaörvunarmiðstöðin.

Geðheilsuteymi taugaproskaraskana hóf að taka á móti tilvísunum í apríl 2021 þó starfsmenn teymis hafi byrjað að móta starfsemina árið 2020.

Fyrir eru teymin: Geðheilsuteymi HH austur, suður og vestur, Geðheilsuteymi fjölskylduvernd og Geðheilsuteymi fangelsa.

Undirbúningur er hafinn að því að Þroska- og hegðunarstöð, Geðheilsuteymi HH fjölskylduvernd og nýtt Geðheilsuteymi barna sameinist í Geðheilsumiðstöð barna snemma árið 2022.



Á árinu var veitt fjármagn í málaflokkinn og var sálfræðiþjónusta á stöðvum styrkt, auk þess sem hin nýju geðheilsuteymi fengu fjármagn.





# GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

## UMFANG ÞJÓNUSTU



Umfang geðheilbrigðisþjónustu hjá HH hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár í takt við áherslu heilbrigðisyfirvalda um geðheilbrigðismál. Árið 2021 jukust samskipti hjá geðheilsuteymum HH og sálfræðingum á heilsugæslustöðvum

um tæplega 35% á milli ára. Fjöldi einstaklinga sem HH veitti geðheilbrigðisþjónustu jókst einnig. Árið 2021 sinntu sálfræðingar og geðheilbrigðisteymi HH 6.753 einstaklingum og er það rúmlega 18% aukning frá fyrra ári.






# JAFNLAUNAVOTTUN 2020-2023

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hlaut jafnlaunavottun frá vottunarstofunni BSI 17. febrúar 2020. Jafnlaunagreining og viðhaldsúttekt BSI á jafnlaunakerfi HH hefur farið fram árlega þar sem staðfest hefur verið að kynbundinn launamunur er ekki til staðar við stofnunina. Jafnlaunavottun er staðfesting þess að jafnlaunakerfi HH samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Megintilgangur jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnustöðum. Með þessu á að tryggja jafnan rétt, jöfn laun og sömu réttindi og kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni.

Jafnlaunavottun HH gildir til janúar 2023, í desember 2022 mun því fara fram jafnlaunaúttekt á vegum BSI til að staðfestingar á að jafnlaunakerfið sé virkt og standist kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 til endurútgáfu skírteinis.



## JAFNLAUNAVOTTUN 2020 - 2023



# STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA


Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins var þátttakandi í hinni árlegu starfsumhverfiskönnun Stofnun ársins. Þátttaka í könnuninni hefur aldrei verið meiri en svarhlutfall stofnunarinnar var 79%. HH hækkar um 8 sæti á lista í heildareinkunn á milli ára meðal stofnana í sínum stærðarflokki en stofnunin stendur nú í 20.sæti á lista.

Samkvæmt niðurstöðunum er áfram einkennandi fyrir HH hvað starfsandinn er góður en sem fyrr er það sá þáttur sem skorar hæst. Starfsfólk upplifir almennt að starfsandinn sé afslappaður og óþvingaður ásamt því að samskiptin séu opin og hispurlaus meðal samstarfsfélaga.

Ánægja og stolt starfsmanna er sá þáttur sem kemur með næst hæstu einkunn í könnuninni. Þarna kemur fram að starfsmenn eru almennt stoltir af HH sem sínum vinnustað.

Stjórnun er sá þáttur með þriðju hæstu einkunn í könnuninni og er sá þáttur sem vegur þýngst í heildarmati könnunar.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar er almenn ánægja starfsmanna með vinnustaðamenninguna og mælingin sambærileg á milli ára. Þær áskoranir sem HH stendur frammi fyrir er aukið álag í starfi og benda niðurstöður til að fleiri starfsmenn nái ekki að sinna öllum sínum verkefnum.





# MANNAUÐUR 2021

## ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

|                                         | 2021  | 2020  |
|-----------------------------------------|-------|-------|
| Heilsugæslustöðvar                      |       |       |
| Heilsugæslan Árbæ                       | 34,7  | 32,0  |
| Heilsugæslan Efra-Breiðholti            | 20,0  | 19,9  |
| Heilsugæslan Efstaleiti                 | 24,9  | 22,7  |
| Heilsugæslan Fjörður                    | 25,8  | 25,2  |
| Heilsugæslan Garðabæ                    | 27,8  | 25,3  |
| Heilsugæslan Glæsibæ                    | 20,2  | 18,1  |
| Heilsugæslan Grafarvogi                 | 23,2  | 23,0  |
| Heilsugæslan Hamraborg                  | 23,8  | 21,3  |
| Heilsugæslan Hlíðum                     | 23,0  | 22,7  |
| Heilsugæslan Hvammi                     | 19,9  | 19,4  |
| Heilsugæslan Miðbæ                      | 22,0  | 23,0  |
| Heilsugæslan Mjódd                      | 22,2  | 19,4  |
| Heilsugæslan Mosfellsumdæmi             | 20,7  | 23,9  |
| Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ | 29,3  | 26,1  |
| Heilsugæslan Sólvangi                   | 34,1  | 32,4  |
| Heilsugæslustöðvar samtals              | 371,6 | 354,4 |



## MANNAUÐUR 2021

## ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM – FRH.

\*Árið 2020 voru flestir sem störfuðu við Covid-sýnatökur verktakar, flestir frá Öryggismiðstöðinni. Annað starfsfólk var að miklu leiti skráð sem starfsfólk skrifstofu. Það útskýrir hin fáu ársverk sem skráð eru á þá starfsstöð árið 2020. Árið 2021 voru fleiri ráðnir á starfsstöðina Covid-verkefni.

|                                               | 2021  | 2020  |
|-----------------------------------------------|-------|-------|
| <b>Sérþjónusta</b>                            |       |       |
| Geðheilsuteymi HH austur                      | 15,7  | 13,7  |
| Geðheilsuteymi HH suður                       | 11,7  | 8,7   |
| Geðheilsuteymi HH vestur                      | 14,7  | 11,6  |
| Geðheilsuteymi fangelsa                       | 4,4   | 2,8   |
| Geðheilsuteymi fjölskylduvernd                | 3,2   | 1,7   |
| Geðheilsuteymi taugaproskaraskana             | 4,9   | 0,3   |
| Geðheilsuteymi ADHD                           | 0,1   |       |
| Heilaörvunarmiðstöð                           | 0,3   |       |
| <br>Göngudeild sóttvarna                      | 4,7   | 5,4   |
| Heimahjúkrun HH í Hafnarf., Garðabæ og Kópav. | 82,5  | 72,3  |
| Hólmsheiði hjúkrun                            | 1,1   | 1,1   |
| <br>Samhæfingarstöð krabbameinsskimana        | 5,9   | 0,7   |
| Kvennaheilsa                                  | 0,1   |       |
| Þroska- og hegðunarstöð                       | 23,1  | 22,1  |
| Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu         | 14,8  | 10,5  |
| Skrifstofa                                    | 59,3  | 53,7  |
| Covid-verkefni*                               | 19,9  | 1,1   |
| <br>Sérþjónusta samtals                       | 266,4 | 205,7 |
| <br>Allar starfsstöðvar samtals               | 638,0 | 560,2 |





# MANNAUÐUR 2021

## ÁRSVERK EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM


|                                      | 2021  | 2020  |
|--------------------------------------|-------|-------|
| Félag ísl. félagsvísindamanna        | 0,2   | 0,0   |
| Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga    | 185,5 | 164,3 |
| Félag sjúkræðjálfa                   | 3,3   | 3,5   |
| Félagsráðgjafafélag Íslands          | 7,5   | 4,2   |
| Fræðagarður                          | 18,1  | 11,2  |
| Iðjupjálfafélag Íslands              | 5,0   | 5,0   |
| Kjarafélag viðskipta- og hagfr.      | 12,5  | 12,5  |
| Kjararáð og utan félaga              | 2,0   | 2,0   |
| Ljósmeðrafélag Íslands               | 18,0  | 16,6  |
| Lyfjafræðingafélag Íslands           | 1,2   | 1,2   |
| Læknafélag Íslands                   | 151,3 | 146,2 |
| Samflot sveitarfélaga                | 3,3   | 4,3   |
| Sálfræðingafélag Íslands             | 54,6  | 41,8  |
| Sameyki                              | 131,6 | 108,0 |
| Sjúkraliðafélag Íslands              | 40,7  | 37,4  |
| Stéttarfélag bókas. og upplýsingafr. | 1,0   | 1,0   |
| Þroskæðjálfafélag Íslands            | 2,2   | 1,0   |
| Samtals                              | 638,0 | 560,2 |




# MANNAUÐUR 2021

## ÁRSVERK EFTIR KYNI OG ALDRI


### KYNJASKIPTING



### ALDURSSKIPTING KVENNA



### ALDURSSKIPTING KARLA





# REKSTUR 2021

## REKSTRARYFIRLIT

Ársreikningurinn í heild verður birtur á vef HH, [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)

|                                           | 2021                  | 2020                  |
|-------------------------------------------|-----------------------|-----------------------|
| <b>Tekjur</b>                             |                       |                       |
| Tekjufærsla fjárveitinga                  | 6.479.000.000         | 3.843.600.000         |
| Seld þjónusta                             | 8.530.219.427         | 7.825.908.198         |
| Vörusala                                  | 556.554               | 265.333               |
| Framlög og ýmsar tekjur                   | 756.546.544           | 226.977.429           |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára     | 72.810.367            | 78.881.873            |
| <b>Tekjur samtals</b>                     | <b>15.839.132.892</b> | <b>11.975.632.833</b> |
| <b>Gjöld</b>                              |                       |                       |
| Laun og launatengd gjöld                  | 8.918.356.351         | 7.728.796.394         |
| Annar rekstrarkostnaður                   | 4.961.910.201         | 3.261.576.982         |
| Afskriftir                                | 72.810.367            | 78.881.873            |
| <b>Gjöld samtals</b>                      | <b>13.953.076.919</b> | <b>11.069.255.249</b> |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b> |                       |                       |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður  | 1.832.389             | 1.319.531             |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap        | (649.217)             | (973.829)             |
|                                           | <b>1.183.172</b>      | <b>345.702</b>        |
| <b>Afkoma ársins</b>                      | <b>1.887.239.145</b>  | <b>906.723.286</b>    |



# REKSTUR 2021

## KOSTNAÐUR SUNDURLIÐAÐUR EFTIR VIÐFANGSEFNUM

|                                         | 2021                 | 2020                 | Breyting (%) |
|-----------------------------------------|----------------------|----------------------|--------------|
| <b>Heilsugæslustöðvar</b>               |                      |                      |              |
| Heilsugæslan Árbæ                       | 717.240.599          | 631.432.753          | 13,6%        |
| Heilsugæslan Efra-Breiðholti            | 420.055.921          | 409.796.964          | 2,5%         |
| Heilsugæslan Efstaleiti                 | 466.596.201          | 432.994.920          | 7,8%         |
| Heilsugæslan Fjörður                    | 519.739.325          | 483.731.559          | 7,4%         |
| Heilsugæslan Garðabæ                    | 536.547.164          | 486.732.661          | 10,2%        |
| Heilsugæslan Glæsibæ                    | 397.508.401          | 371.148.256          | 7,1%         |
| Heilsugæslan Grafarvogi                 | 465.423.284          | 448.696.450          | 3,7%         |
| Heilsugæslan Hamraborg                  | 472.690.835          | 411.339.551          | 14,9%        |
| Heilsugæslan Hlíðum                     | 427.075.675          | 400.943.590          | 6,5%         |
| Heilsugæslan Hvammi                     | 373.998.962          | 354.833.467          | 5,4%         |
| Heilsugæslan Miðbæ                      | 458.615.461          | 419.484.188          | 9,3%         |
| Heilsugæslan Mjódd                      | 375.301.569          | 315.527.861          | 18,9%        |
| Heilsugæslan Mosfellsumdæmi             | 451.235.354          | 380.866.541          | 18,5%        |
| Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ | 577.617.497          | 508.439.374          | 13,6%        |
| Heilsugæslan Sólvangi                   | 692.667.779          | 637.100.565          | 8,7%         |
| <b>Samtals</b>                          | <b>7.352.314.027</b> | <b>6.693.068.700</b> | <b>9,85%</b> |





# REKSTUR 2021

## KOSTNAÐUR SUNDURLIÐAÐUR EFTIR VIÐFANGSEFNUM - FRH

|                                       | 2021                 | 2020                 | Breyting (%) |
|---------------------------------------|----------------------|----------------------|--------------|
| <b>Sérþjónusta</b>                    |                      |                      |              |
| Heimahjúkrun HH                       | 971.515.184          | 846.375.056          | 14,8%        |
| Þroska- og hegðunarstöð               | 327.323.560          | 293.316.195          | 11,6%        |
| Göngudeild sóttvarna                  | 157.560.133          | 125.611.103          | 25,4%        |
| Geðheilsuteymi HH austur              | 235.802.363          | 190.448.378          | 23,8%        |
| Geðheilsuteymi HH vestur              | 213.013.477          | 162.894.102          | 30,8%        |
| Geðheilsuteymi HH suður               | 185.495.754          | 123.086.407          | 50,7%        |
| Geðheilsuteymi HH fjölskylduvernd     | 54.731.433           | 26.518.609           | 106,4%       |
| Geðheilsuteymi HH taugabroskaraskanir | 70.027.074           | 4.866.852            | 1338,9%      |
| Geðheilsuteymi HH fangelsi            | 76.852.538           | 57.696.518           | 33,2%        |
| Heilbrigðisþjónusta Hólmsheiði        | 31.792.011           | 29.155.268           | 9,0%         |
| Samhæfingarstöð krabbameinsskimana    | 160.562.409          | 17.311.804           | 827,5%       |
| <b>Samtals</b>                        | <b>2.484.675.936</b> | <b>1.877.280.292</b> |              |
| <b>Skrifstofa og verkefni</b>         |                      |                      |              |
| Skrifstofa                            | 901.060.192          | 796.366.906          | 13,1%        |
| Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu | 248.884.365          | 210.232.012          | 18,4%        |
| Deild rafrænnar þjónustu              | 288.232.580          | 283.652.920          | 1,6%         |
| <b>Samtals</b>                        | <b>1.438.177.137</b> | <b>1.290.251.838</b> |              |



## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DES 2021

|                                 | 2021              | 2020              |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>                   |                   |                   |
| Fastafjármunir                  | 274.138.695       | 300.874.182       |
| Veltufjármunir                  | 4.503.758.152     | 2.533.662.038     |
| <br>Eignir samtals              | <br>4.777.896.847 | <br>2.834.536.220 |
| <br><b>Eigið fé og skuldir</b>  |                   |                   |
| Eigið fé                        | 2.788.519.068     | 1.415.212.022     |
| Skuldir                         | 1.989.377.779     | 1.419.324.198     |
| <br>Eigið fé og skuldir samtals | <br>4.777.896.847 | <br>2.834.536.220 |





# HEILDARSAMSKIPTI EFTIR STÖÐVUM

## TÖLUR MEÐ SÍÐDEGISVAKT (ÁN NÁMSKEIÐA)

|                                         | Viðtal | Símtal | Vitjun | Heilsuvera |
|-----------------------------------------|--------|--------|--------|------------|
| Heilsugæslan Árbæ                       | 42.812 | 34.087 | 708    | 35.494     |
| Heilsugæslan Efra-Breiðholti            | 21.529 | 30.848 | 194    | 20.602     |
| Heilsugæslan Efstaleiti                 | 25.902 | 23.372 | 375    | 19.712     |
| Heilsugæslan Fjörður                    | 26.227 | 30.401 | 385    | 22.046     |
| Heilsugæslan Garðabæ                    | 34.684 | 32.276 | 762    | 23.256     |
| Heilsugæslan Glæsibæ                    | 21.331 | 18.525 | 380    | 14.221     |
| Heilsugæslan Grafarvogi                 | 27.855 | 25.298 | 564    | 18.537     |
| Heilsugæslan Hamraborg                  | 25.888 | 21.779 | 447    | 18.351     |
| Heilsugæslan Hlíðum                     | 25.891 | 24.805 | 727    | 18.811     |
| Heilsugæslan Hvammur                    | 22.509 | 23.215 | 289    | 15.092     |
| Heilsugæslan Miðbæ                      | 27.424 | 27.218 | 550    | 19.624     |
| Heilsugæslan Mjódd                      | 20.473 | 20.852 | 334    | 15.380     |
| Heilsugæslan Mosfellsbæ                 | 24.016 | 16.836 | 427    | 15.689     |
| Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ | 35.708 | 25.760 | 628    | 40.054     |
| Heilsugæslan Sólvangi                   | 41.512 | 34.881 | 782    | 40.752     |



# FJÖLDI SAMSKIPTA EFTIR ÞJÓNUSTUFLOKKUM

## HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR - TÖLUR MEÐ SÍÐDEGISVAKT

|                                           | Viðtal         | Símtal         | Vitjanir     | Heilsuvera     | HAM        |
|-------------------------------------------|----------------|----------------|--------------|----------------|------------|
| Almenn læknishjálp                        | 245.917        | 246.667        | 97           |                |            |
| Hjúkrun                                   | 104.479        | 113.625        | 2.112        |                |            |
| Heilsueflandi móttaka                     | 4.488          | 2.285          | 22           |                |            |
| Mæðravernd                                | 23.903         | 8.774          | 2            |                |            |
| Ung og smábarnavernd                      | 28.642         | 9.630          | 5.315        |                |            |
| Sálfræðipjónusta                          | 10.509         | 6.099          |              |                |            |
| Sjúkraþjálfun/næringarmeðferð/lyfjarágjöf | 1.453          | 2.940          | 4            |                |            |
| Skimun                                    | 4.289          | 55             |              |                |            |
| Heilsuvera                                |                |                |              | 337.477        |            |
| HAM námskeið                              |                |                |              |                | 919        |
| <b>Samtals</b>                            | <b>423.657</b> | <b>390.073</b> | <b>7.552</b> | <b>337.477</b> | <b>919</b> |





# FJÖLDI SAMSKIPTA EFTIR FAGSTÉTTUM

## HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR - TÖLUR MEÐ SÍÐDEGISVAKT

|                                | Viðtal  | Símtal  | Vitjanir | Heilsuvera | HAM |
|--------------------------------|---------|---------|----------|------------|-----|
| Læknar                         | 267.855 | 252.676 | 169      | 263.416    |     |
| Hjúkrunarfræðingar / ljósmæður | 171.632 | 136.243 | 7.434    | 15.732     |     |
| Sálfræðingar                   | 11.518  | 6.121   |          | 5.187      | 919 |
| Sjúkrapjálfarar                | 1.234   | 2.715   |          | 104        |     |
| Aðrir                          | 235     | 28      |          |            |     |
| Ritarar                        |         |         |          | 59.570     |     |



# SÉRÞJÓNUSTA

## FJÖLDI SAMSKIPTA

|                                       | Viðtal | Símtal | Vitjanir | Heilsuvera |
|---------------------------------------|--------|--------|----------|------------|
| Heimahjúkrun (með Mosfellsbæ)         |        | 18.748 | 134.450  |            |
| Geðheilsuteymi HH                     | 21.702 | 20.257 | 1.180    | 453        |
| Göngudeild sóttvarna                  | 3.744  | 455    |          |            |
| Þroska- og hegðunarstöð               | 2.775  | 2.068  |          | 75         |
| Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu | 421    | 110    |          | 37         |
| Hólmsheiði                            | 1.107  | 494    | 2        |            |
| Héraðsvakt                            | 6      | 513    | 482      | 3          |
| Samhæfingarstöð krabbameinsskimana    | 15     | 479    |          | 111        |






# SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUM 2014-2021

Mikill vöxtur hefur verið í rafrænum samskiptum undanfarin ár.

Sú þróun hélt áfram árið 2021.

Vegna sóttvarnaaðgerða árið 2020 var stökk á milli ára í samskiptum í gegnum síma, en minnkun á fjölda viðtala. Sú þróun snerist hins vegar við árið 2021 og fjöldi viðtala var meiri en fjöldi símtala það ár.



# HEILSUVERND SKÓLABARNA

## SKÓLAÁRIN 2020-2021 OG 2019-2020

Heilsuvernd skólabarna stendur fyrir skipulagðri fræðslu um heilsu í öllum árgöngum. Mismunandi áherslur eru í hverjum árgangi og er markmiðið að 80% nemenda fái viðkomandi fræðslu samkvæmt skipulagi.

Skólaárið 2020-2021 litaðist af COVID-19 faraldrinum, líkt og skólaárið þar áður. Erfiðlega gekk að manna stöður hjúkrunarfræðinga í skólum vegna mikils álags á heilsugæslustöðvum og vegna COVID-19 bólusetninga sem skólahjúkrunarfræðingar þurftu að ganga í.

|                           | 2020-2021         |                          | 2019-2020         |                          |
|---------------------------|-------------------|--------------------------|-------------------|--------------------------|
|                           | Skólar á vegum HH | Meðaltal á hvern nemanda | Skólar á vegum HH | Meðaltal á hvern nemanda |
| Skipulögð fræðsla         | 52.529            | 2,0                      | 43.223            | 1,7                      |
| Önnur fræðsla             | 80.033            | 3,1                      | 49.612            | 2,0                      |
| Viðtöl um heilsu og líðan | 10.113            | 0,4                      | 9.103             | 0,4                      |
| Bólusetningar             | 7.763             | 0,3                      | 7.531             | 0,3                      |
| Skimanir                  | 20.622            | 0,8                      | 19.053            | 0,8                      |
| Einstaklingsþjónusta      | 24.154            | 0,9                      | 24.601            | 1,0                      |
| <b>Heildarsamskipti</b>   | <b>195.214</b>    | <b>7,6</b>               | <b>153.123</b>    |                          |
| Nemendafjöldi             | 25.686            |                          | 25.355            |                          |





# ÞROSKA- OG HEGÐUNARSTÖÐ

## FJÖLDI SAMSKIPTA

Þroska- og hegðunarstöð veitir 2. stigs þjónustu á landsvísu fyrir börn í grunn- og framhaldsskólum að 18 ára aldri. Í þjónustunni felst greining, ráðgjöf, meðferð og fræðsla vegna taugapróskaraskana og annarra erfiðleika í hegðun eða líðan.

Þroska- og hegðunarstöð á reglulegt samstarf við mennta-, félags- og heilbrigðisþjónustuveitendur víðsvegar um landið.

Almennt voru námskeið færri vegna COVID-19, en samt voru barnanámskeið haldin þegar mögulegt var og voru alltaf staðnámskeið. Foreldranámskeiðin voru öll haldin á Teams.

### Nýjar tilvísanir

Tilvísanir í nánari greiningu (ADHD og skyldar raskanir)  
Tilvísanir í frumgreiningu\*

### Tilvísanir afgreiddar á árinu

Formlegt greiningarferli  
Tilvísunum vísað frá / vísað í annað úrræði

### Þátttakendur á námskeiðum, foreldrar og börn

Þátttakendur á meðferðarnámskeiðum börn

Þátttakendur á færniþjálfunarnámskeiðum fyrir foreldra (Teams)

**2021**      **2020**

**825**      **622**

822      614

3      8

**699**      **447**

528      351

170

**203**

43

160



## VEFIR

## heilsugaeaslan.is og heilsuvera.is

## heilsugaeslan.is

Upplýsingar um starfstöðvar HH, þjónustu þeirra og heilsugæslu almennt. Grunnupplýsingaveita varðandi COVID-19 bólusetningar og sýnatökur á höfuðborgarsvæðinu. Hluti vefsins kominn á ensku og pólsku og meira efni í vinnslu.

## heilsuvera.is

Þekkingarvefur um heilsu og áhrifapætti hennar. Upphafssíða fyrir mínar síður og þjónustuvefsjá allra heilsugæslustöðva á landinu á íslensku, ensku og pólsku







**HEILSUGÆSLA**  
**HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**